

Miðvikudaginn 28. október 1964.

Nr. 4/1964.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands
íslenzkra verzlunarmanna vegna Verzlunar-
mannafélags Reykjavíkur**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Kaupmannasamtökum Íslands f. h. Félags
matvörukaupmanna í Reykjavík**

(Sveinn Snorrason hrl.)

og

**Einar Bergmann eigandi verzlunarinnar Kjöt
og Fiskur, Hilmar Ólafsson eigandi verzlun-
arinnar Borgarkjör, Þorgrímur Friðriksson
eigandi verzlunarinnar Grensáskjör, Torfi
Torfason eigandi verzlunarinnar Þingholt,
Sigurður Jónsson eigandi verzlunarinnar
Kambskjör, Valtýr Jónsson og Viggó M. Sig-
urðsson eigendur verzlunanna Hlíðakjör, Val-
garður Ó. Breiðfjörð eigandi verzlunarinnar
Lögbergs og Jón Eyjólfsson vegna h. f. Jóns-
kjörs (Páll S. Pálsson hrl.)**

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands
íslenzkra verzlunarmanna vegna Verzlunar-
mannafélags Reykjavíkur**

(Áki Jakobsson hrl.)

**Varadómendur: Bjarni K. Bjarna-
son og Árni Guðjónsson í stað
Einars Arnalds og Ragnars Ólafs-
sonar.**

Kjarasamningur skýrður. Stéttarfélagi talið heimilt að banna félagsmönnum sínum að vinna yfirvinnu í opnum sölubúðum. Vinnuveitendum talið heimilt að afgreiða með skylduliði sínu vörur úr sölubúðum eftir lokunartíma þann, sem kjarasamningur kvað á um.

Dómur:*I. Málshöfðun og aðild.*

Aðalstefnandi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna vegna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, hefur höfðað mál þetta hér fyrir dómi með stefnu, dags. 14. sept. þ. á., sem hljóðaði á þessa leið:

„*Félagsdómur gjörir kunnugt*: Oss hefur tjáð Alþýðusamband Íslands vegna Landssambands íslenzkra verzlunarmanna fyrir hönd Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að það þurfi að höfða mál fyrir Félagisdómi á hendur Kaupmannasamtökum Íslands vegna meðlima sinna Einars Bergmanns, eiganda verzlunarinnar Kjöt & Fiskur, Hilmars Ólafssonar, eiganda verzlunarinnar Borgarkjör, Þorgríms Friðrikssonar, eiganda verzlunarinnar Grensáskjör, Torfa Torfasonar, eiganda verzlunarinnar Þingholt, Sigurðar Jónssonar, eiganda verzlunarinnar Kambskjör, Valtýs Jónssonar og Viggós M. Sigurðssonar, eigendum verzlunarinnar Hlíðarkjör, Valgarðs Ó. Breiðfjörðs, eiganda verzlunarinnar Lögberg og Jóns Eyjólfssonar formanns í stjórn hlutafélagsins Jónskjör, f. h. félagsins til þess að fá þá dæmda til þess að hlíta ákvæðum A-liðs 7. gr. kjarasamnings milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Kaupmannasamtaka Íslands frá 13. desember 1963, sbr. kjaradóm milli sömu aðilja uppkveðinn 6. febrúar 1964, er ákveður lokunartíma sölubúða á félagssvæði Verzlunarmannafélags Reykjavíkur jafnframt dagvinnutíma verzlunarstarfsfólks. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að á fundi borgarráðs Reykjavíkur þann 4. júní 1964 var samþykkt að leyfa verzlunum að hafa opið alla daga nema nokkra tilgreinda helgidaga til kl. 22 að kvöldi og var samþykkt þessi gerð í formi bráðabirgðaákvæðis við samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. Þessi samþykkt borgarráðs var samþykkt við fyrstu umræðu í borgarstjórn þann 4. júní 1964 og síðar við 2. umræðu þann 2. júlí 1964 og hefur nú hlotið staðfestingu ráð-

herra. Nú hafa niu verzlunarfyrirtæki, stefndu í máli þessu, sem eru öll innan Kaupmannasamtaka Íslands, notað sér heimild þessa og hafa verzlunir sínar opnar til sölu til kl. 22 að kvöldi og hlotið til þess samþykki borgaryfirvaldanna. Í 7. gr., A-lið, kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Kaupmannasamtaka Íslands, sbr. kjaradóm, eru ákvæði um dagvinnutíma verzlunarstarfsfólks, sem jafnframt eru ákvæði um lokunartíma sölubúða. Telur Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, að samþykkt borgarstjórnar um lokunartíma verzlana, þar sem lokunartími er færður aftur frá kl. 18 til kl. 22 sé skerðing á samningsbundnum rétti Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, er skapi jafnframt það vandamál, að ekki eru fyrir hendi samningar um vinnutílhögun og vinnutíma, ef verzlunir almennt hyrfu að því ráði, að nota sér samþykkt borgarstjórnar, enda telur Verzlunarmannafélagið að verzlunir innan Kaupmannasamtaka Íslands, séu bundnar af ákvæðum kjarasamnings og kjaradóms milli þessara aðilja. Af þessum sökum telur Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sér nauðsynlegt að leita úrskurðar Félagsdóms um verndun á samningsbundnum rétti sínum.

Fyrir því stefnist hér með herra bæjarfulltrúa Sigurði Magnússyni til heimilis Melhaga 16 hér í bæ, formanni Kaupmannasamtaka Íslands f.h. stjórn þess, ennfremur stefnist persónulega: Einari Bergmann til heimilis Njörvasundi 14 hér í borg, Hilmarí Ólafssyni til heimilis Langagerði 78 hér í borg, Þorgrími Friðrikssyni til heimilis Mávahlíð 23 hér í borg, Torfa Torfasyni til heimilis Hlíðarvegi 6 Kópavogskaupstað, Sigurði Jónssyni til heimilis Álfheimum 32 hér í borg, Valtý Jónssyni til heimilis Bólstaðarhlíð 62 hér í borg, Viggó M. Sigurðssyni til heimilis Brávallagötu 40 hér í borg, Jóni Eyjólfssyni til heimilis Blönduhlíð 2 hér í borg og Valgarði Ó Breiðfjörð til heimilis Framnesvegi 44 hér í borg, til þess að mæta fyrir Félagsdómi, sem háður verður í dómhúsi Hæstaréttar í Reykjavík miðvikudaginn þann 16. september 1964 kl. 17. til þess þar og þá

að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á framsögu sakar og réttarkröfur að hlýða, svara til sakar og dóm að þola í framangreinda átt.“

Við þingfestingu málsins var sótt dómþing af hálfu Kaupmannasamtakanna og einnig sérstaklega af hálfu þeirra einstöku kaupmanna, sem greindir eru í stefnunni og stefnt var persónulega. Var málinu þá frestað til 24. s. m.

Hinn 17. september rituðu hinir stefndu kaupmenn Kaupmannasamtökum Íslands svohljóðandi bréf:

„Þingfest var í Félagsdómi í gær mál Alþýðusambands Íslands vegna Landssambands verzlunarmanna fyrir hönd Verzlunarmannafélags Reykjavíkur gegn yður vegna undirritaðra 9 kaupmanna.

Málinu er raunverulega beint gegn okkur, þó að yður sé formsins vegna stefnt fyrir okkar hönd, á sama hátt og Alþýðusambandið er að formi til stefnandi, þó að málshöfðandi sé Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, enda fer lögmaður þess með málið.

Sem málsaðiljar í vörn höfum við siðferðislegan rétt til að ráða því, hver flytur málið fyrir okkar hönd, hvaða kröfur eru gerðar og hvaða gögnum teflt fram í varnarskyni.

Nú kemur í ljós, að stefnan er þannig úr garði gerð, að nauðsynlegt er að gagnstefna í málinu til þess að úrslit fáist um deiluatríðið, þ. e. hvort okkur er heimil vörusala í einhverri mynd eftir að dagvinnutíma verzlunarfólks lýkur.

Með tilvisun til 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur leyfum við okkur að skora á yður að tjá yður um það bréfléga til lögmanns okkar, Páls S. Páls-sonar, hrl., Bergstaðastræti 14, hvort þér óskið að láta annan lögmann en hann flytja málsvörn fyrir okkur í Félagsdómsmálinu, og hvort þér óskið að taka að yður sókn gagnsaka í sama máli, sbr. ofanritað.“

Þessu bréfi svöruðu kaupmannasamtökin 21. s. m. á eftirfarandi hátt:

„Eftir viðtöku heiðraðs bréfs yðar dags. 17. september s.l. skal yður tjáð eftirfarandi:

Þegar eftir að stefna Verzlunarmannafélagsins hafði verið birt Kaupmannasamtökunum, var málið tekið til afgreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar og Sveini Snorrasyni hrl. falið að halda uppi málsvörn f. h. Kaupmannasamtaka Íslands, enda taldi framkvæmdastjórn að úrslit málsins væri hagsmunamál allra kaupmanna í Reykjavík, enda þótt tilefni málshöfðunarinnar væri kvöldsölustarfsemi yðar.

Að sjálfsögðu viðurkenna Kaupmannasamtökin fulla nauðsyn þess, að við úrslit máls þessa fáist úr því skorð, hvort vörusala sé heimil í einhverri mynd eftir að dagvinnutíma verzlunarfólks lýkur. Mun að sjálfsögðu verða gerð um það krafa af hendi Kaupmannasamtakanna, en slíka gagnkröfu er heimilt að gera án þess að höfða gagnsóknarmál, sbr. 53. gr. laga nr. 80/1938, og mun lögmaður samtakanna að sjálfsögðu annast þann þátt málsins sem aðra fyrir hönd Kaupmannasamtakanna.

Þar sem Kaupmannasamtökin telja, að yðar hagsmunir og Kaupmannasamtakanna fari saman, hafa þau ekki óskað eftir því, að Páll S. Pálsson hrl. flytji málið af sinni hendi. Hins vegar hafa samtökin að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, ef Félagsdómur samþykkir, að lögmaður yðar, Páll S. Pálsson hrl., flytji málið að svo miklu leyti sem það varðar yður persónulega, enda greiðið þér sjálfir allan kostnað sem af því leiðir.“

Hinn 23. september s.l. fóru framangreindir eigendur verzlana þeirra, er hér eiga hlut að máli, þess á leit við forseta Félagsdóms, að hann gæfi út gagnstefnu í máli af þeirra hálfu gegn stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna vegna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, en í stefnu þessari voru gerðar þær dómkröfur, að dæmt yrði, að ákvæði 7. gr. A í dómi uppkveðnum af Kjaradómi verzlunarmanna 6. febr. 1964 skertu ekki rétt gagnstefnenda til þess að selja vörur á lögleyfðum tímum um svonefnd „söluop“ á verzl-

unarhúsum sínum eftir að sölubúðum væri lokað. Þá kröfðust gagnstefnendur og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda eftir mati dómsins.

Eins og málinu var þá háttað taldi forseti dómsins eigi rétt að synja um útgáfu stefnu og var gagnstefna með dómkröfum þeim, sem raktar hafa verið, gefin út 23. f. m.

Á dómþingi 24. september lagði umboðsmaður Kaupmannasamtaka Íslands fram greinargerð af sinni hálfu og samþykkti jafnframt þá leiðréttingu við málalíbúnað stefnanda, að stefnt væri Kaupmannasamtökum Íslands f. h. Félags matvörukaupmanna í Reykjavík vegna hinna einstöku verzlana, sem í stefnu greinir. Krafðist hann í greinargerð sinni sýknu af kröfum stefnanda, en hafði jafnframt uppi gagnkröfu samkvæmt 53. gr. laga nr. 80/1938 og verður sú krafa rakin síðar.

Í þessu þinghaldi lagði umboðsmaður kaupmanna þeirra, sem stefnt var persónulega, fram áðurgreinda gagnstefnu ásamt greinargerð af sinni hálfu. Krafðist hann þess aðallega að kröfum aðalstefnanda yrði vísað frá dómi, en til vara krafðist hann sýknu.

Aðalstefnandi tók til andsvara í gagnsökinni á dómþingi 28. f. m. og krafðist þess, að henni yrði vísað frá dómi. Í andsvari hans, þ. e. greinargerð í gagnsökinni, kom m. a. fram, að hann teldi, að gagnstefnendur, sem hafið hefðu sölu um söluop að fengnu leyfi borgaryfirvalda, hefðu með því risið gegn samtökum sínum og hefði hann af þeim sökum talið rétt að stefna þeim persónulega til þess að þeim gæfist kostur á að vita um mál þetta og hafa samband við félagssamtök sín. Af hálfu stefnda, Kaupmannasamtakanna, voru eigi hafðar uppi neinar athugasemdir eða mótmæli vegna gagnsókna hinna einstöku kaupmanna, sem allir eru taldir félagsmenn í Félagi matvörukaupmanna í Reykjavík.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fram 12. þ. m. Lýsti umboðsmaður aðalstefnanda þá yfir því, að hann gerði nú engar beinar kröfur á hendur þeim einstöku kaupmönnum, sem persónulega hafði verið stefnt í aðal-

stefnu og jafnframt féll hann frá frávísunarkröfu sinni í gagnsök.

Á hendur stefnda, Kaupmannasamtökum Íslands f. h. Félags matvörukaupmanna í Reykjavík gerði hann hins vegar nú þessar dómkröfur:

að dæmt yrði, að ákvæði A-liðs 7. gr. kjaradóms frá 6. febr. 1964 leggi stefnda, þ. e. félagsmönnum hans, þá skyldu á herðar, að þeim sé óheimilt að hafa verzlunar sínar opnar til afgreiðslu, hvort heldur er með venjulegum hætti eða um söluop, og hvort heldur verzlunareigendur vinna einir með skylduliði eða með félagsbundnu starfsfólki á öðrum tíma en þeim, sem um getur í nefndum A-lið 7. gr.

Þá krafðist stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi samþykkti fyrir sitt leyti þessa breytingu á dómkröfum aðalstefnanda, en krafðist algerrar sýknu af þeim. Jafnframt hafði hann eins og áður getur uppi þá gagnkröfu:

aðallega: að viðurkenndur verði réttur meðlima félaganna innan Kaupmannasamtakanna til þess að hafa á hendi vörusölu í fyrirtækjum sínum í Reykjavík innan þeirra marka, sem kveðið er á í samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240/1963, sbr. viðauka frá 2. júlí 1964.

til vara: að viðurkenndur verði réttur sömu aðilja til þess að selja varning um söluop verzlana eftir að dagvinnutíma lýkur, en innan marka samþykktarinnar, enda annist eigandi verzlunar sjálfur afgreiðsluna og þeir starfsmenn hans, sem til þess tjá sig fúsa, eða

til þrautavara: eigendur verzlana og skyldulið þeirra.

Þá krafðist stefndi og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda eftir mati dómsins.

Af hálfu gagnstefnenda var við munnlegan flutning málsins fallið frá áðurgerðri frávísunarkröfu, en mótmælt téðri breytingu á dómkröfum aðalstefnanda. Að öðru leyti voru þessar kröfur gerðar af gagnstefnenda hálfu:

Í aðalsök: Málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda eftir mati dómsins.

Í gagnsök: Að dæmt verði, að ályktarorð í dómi Kjara-dóms verzlunarmanna frá 6. febrúar 1964 um vinnutíma, 7. gr. A-, skerði ekki rétt gagnstefnenda til þess að selja vörur á lögleyfðum tímum um svonefnd sölupop í verzlunarhúsum sínum eftir að sölubúðum er lokað.

Þá krefjast gagnstefnendur og málskostnaðar í gagnsök úr hendi aðalstefnanda eftir mati dómsins.

Eins og málatilbúnaði af hálfu aðalstefnanda var í upphafi háttað og með tilliti til annarra þeirra atriða, sem að framan eru rakin, verður eigi talið, að það brjóti í bág við ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938, að gagnstefnendur, sem allir eru félagsmenn í Félagi matvörukaupmanna í Reykjavík, en það félag er aðili að Kaupmannasamtökum Íslands, gerist sjálfstæðir aðiljar í máli þessu við hlið stefnda, félagsamtaka sinna.

II. Efni málsins.

1. Aðdragandi málsóknar.

Rætur máls þessa má rekja til þess, að hinn 6. desember 1963 staðfesti félagsmálaráðuneytið samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240/1963, en hana setti og samþykkti borgarstjórn samkvæmt heimild í lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktar þessarar segir, að borgarráð geti heimilað tilteknum fjölda verzlana að hafa opið til kl. 22.00 alla daga nema þá, sem um ræði í 7. gr. sömu samþykktar.

Mikið var rætt og ritað í tilefni af samþykkt þessari, bæði áður og eftir að hún var gerð. Varð reyndin sú, að hún var ekki framkvæmd á þann hátt sem borgarstjórn mun hafa ætlazt til, og leiddu deilur um samþykktina til þess, að borgarstjórn samþykkti endanlega 2. júlí s.l. viðauka við hana þess efnis, að borgarráð gæti heimilað verzlunum, sem hafa sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara að hafa opið til kl. 22.00 Hlaut þessi viðauki því næst til-

skilda staðfestingu félagsmálaráðuneytisins, 28. júlí þ. á., nr. 151/1964.

Samkvæmt þessari heimild fengu svo ýmsir kaupmenn í Reykjavík, þar á meðal gagnstefnendur, leyfi til kvöldsölu til kl. 22.00. Urðu þær leyfisveitingar tilefni þess, að hinn 20. ágúst s.l. rituðu Kaupmannasamtök Íslands m. a. gagnstefnendum máls þessa svohljóðandi bréf:

„Að gefnu tilefni vilja Kaupmannasamtökin og Félag matvörukaupmanna hér með vekja athygli á því, að samkvæmt gildandi kjarasamningum við V. R., er lokunartími sölubúða í Reykjavík virka daga kl. 18.00, nema föstudaga kl. 19.00 og laugardaga kl. 12.00 og 13.00.

Enn hafa ekki verið gerðar breytingar á ákvæðum samningsins að þessu leyti.

Hvorki Kaupmannasamtökin né Félag matvörukaupmanna hafa gert ályktun um annan afgreiðslutíma en samningurinn segir til um. Það er því vilji þessara aðilja, að almennur afgreiðslutími verzlana í Reykjavík sé óbreyttur frá því sem verið hefur meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun af þeim um annað.

Af þeirri ástæðu og með skírskotan til félagsþroska yðar, treysta neðanskráðir aðilar því, að þér munið ekki efna til frávika frá þeim afgreiðslutíma, sem verið hefur að undanfögnu, nema til komi breyting á samningi eða ályktun Félags matvörukaupmanna eða Kaupmannasamtakanna í aðra átt.“

Þetta bréf ásamt viðbrögðum stjórnar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við hinum nýju leyfisveitingum til kvöldsölu mun hafa verið tilefni þess, að hinn 4. september rituðu gagnstefnendur verzlunarmannafélaginu á þessa lund:

„Undirritaðir kaupmenn, sem fengið hafa leyfi borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að reka kvöldsölu til kl. 22.00, hafa orðið þess varir, að forystumenn samtaka starfsfólks í verzlunum líti á það með tortryggni og telji jafnvel brot á kjarasamningum verzlunarmanna og atvinnurekanda, ef verzlað sé eftir kl. 18.00 mánudaga til fimmtudaga og eftir kl. 12 á laugardögum.

Til að eyða öllum misskilningi viljum við taka það fram, að við höfum, af tilliti til beggja aðila kjarasamninganna, ákveðið, a. m. k. fyrst um sinn, að notfæra okkur ekki leyfi borgarstjórnar til þess að hafa „sölubúðir opnar“, en tökum jafnframt fram, að við álitum að slíkt sé utan sviðs kjarasamninga, og að orðalagið „að halda sölubúðum opnum“, eigi einungis við tíma- markið, hvenær reglulegum starfstíma verzlunarfólks skuli ljúka. Samning milli forsvarsmanna atvinnurekenda og vinnuþega á verzlunarsviði, þess efnis, að banna að sé einstökum kaupmönnum að veita viðskiptamönnum þjónustu eftir tiltekinn klukkuslátt, teljum við óleyfilega skerðingu á atvinnu- og athafnafrelsi og þjóðfélaginu til vana, enda beri ekki að skilja kjarasamning verzlunarmanna svo bókstaflega.

Þannig hafa kvöldsölur söluturnaeigenda ekki verið taldar sammingsbrot, né þótt kaupmenn hafi um skeið haft verzlunarsölu til kl. 10 að kvöldi á föstudögum.

Þrátt fyrir þetta sjónarmið munum við að sinni láta nægja að notfæra okkur leyfi borgarstjórnar til afgreiðslu um söluop, eftir að verzlunum er lokað, svo að neytendum sé gefin nokkur úrlausn, en opnun sölubúðanna á öllum lögleyfðum tímum hlýtur að biða á næsta leiti.“

Hinn 8. s. m. ritaði Verzlunarmannafélag Reykjavíkur Kaupmannasamtökum Íslands því næst svohljóðandi bréf:

„Þar sem oss er kunnugt um að eftirfarandi fjöldi verzlana hafa opið lengur en gildandi kjarasamningur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við Kaupmannasamtök Íslands heimilar, leyfum vér oss að mótmæla því harðlega. Jafnframt krefjumst vér þess, að Kaupmannasamtökin geri þegar í stað ráðstafanir til að slíkt brot á kjarasamningnum verði ekki endurtekið.

Þær verzlanir, sem hér um ræðir eru:

Kjöt & Fiskur, Þórsgötu 17,
Borgarkjör, Borgargerði 6,
Grensáskjör, Grensásvegi 46,
Kambskjör, Kambsvegi 18,

Hlíðarkjör, Kaplaskjólsvégi 1,
 Hlíðarkjör, Eskihlíð 10,
 Jónskjör, Sólheimum 35,
 Lögberg, Holtsgötu 1,
 Þingholt, Grundarstíg 2 a.“

Andsvör kaupmannasamtakanna við þessu bréfi voru þau, að tjá verzlunarmannafélaginu samdægurs, að gagnstefnendum hefði hinn 20. ágúst verið ritað bréf það, sem að framan greinir og að sömu aðiljum hefði bréflaga nú samtímis verið ritað á þessa lund:

„Jafnframt því að vísa til bréfs vors, dags. 20. ágúst 1964, er hér með ítrekuð áskorun til yðar um að efna ekki til frávika frá afgreiðslutíma, meðan ekki hefur verið um það gerð ályktun af Félagi matvörukaupmanna eða Kaupmannasamtökunum, ellegar um slík frávik samið við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og aðra viðsejendur vora.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur lítur á frávik þau sem þér hafið upp tekið sem brot á samningum eins og eftirfarandi bréf þeirra dagsett í dag ber með sér:

„Þar sem oss er kunnugt um að eftirfarandi fjöldi verzlana hafa opið lengur en gildandi kjarasamningur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við Kaupmannasamtök Íslands heimilar, leyfum vér oss að mótmæla því harðlega. Jafnframt krefjumst vér þess, að Kaupmannasamtökin geri þegar í stað ráðstafanir til að slíkt brot á kjarasamningum verði ekki endurtekið.“

Þessi skrif fengu eigi breytt þeirri ákvörðun gagnstefnenda, er þeir höfðu lýst í áðurgreindu bréfi sínu frá 4. september s.l. að verzla um söluop til kl. 22.00 samkvæmt fengnu leyfi borgaryfirvalda. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur taldi þá afstöðu þeirra hins vegar brot á ákvæðum 7. gr. A-liðs úrskurðar Kjaradóms verzlunarmanna, uppkv. 6. febrúar 1964, og höfðaði mál þetta 14. sept. s.l. með þeim hætti, sem að framan er rakið og hefur gert þær dómkröfur, er lýst hefur verið hér á undan.

Upphaf og A-liður 7. gr. nefnds úrskurðar hljóðar svo:

7. gr.

„Frá uppkvaðningu dóms þessa skal vinnutími vera sem hér segir:

A:

Dagvinnutími í sölubúðum skal vera 46 klst. á viku. Vinna skal hefjast kl. 9 að morgni eða að einhverju leyti fyrr eftir því sem heppilegast verður talið fyrir hverja sérgrein. Þar sem vinna hefst kl. 9 að morgni, telst daglegur vinnutími vera frá kl. 9 til kl. 18.00 að kvöldi frá mánudegi til fimmtudags, föstudaga frá kl. 9 til 19.00 og laugardaga frá kl. 9 til 13.00 eða 12.00, eftir því hver lokunartíminn er.

Ekki skal greitt sérstaklega fyrir vinnu við frágang í sölubúðum eftir lokun, enda taki sú vinna eigi lengri tíma en 10 mín. Dagvinnutíma, er eigi nýttast vegna ákvæða gr. þessarar um styttri afgreiðslutíma á laugardögum yfir sumarmánuðina, sbr. 5. mgr., er vinnuveitanda rétt að notfæra sér án sérstaks endurgjalds á afbrigðilegum afgreiðslutíma í desember sbr. 4. mgr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18.00. Þó skulu vera frá þessu undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal loka eigi síðar en kl. 12.00 og á gamlársdag kl. 12.00. Þriðja dag jóla skulu sölubúðir opnaðar kl. 10.00 Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.00. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessu, ef hana ber upp á laugardag) eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.00.

Ennfremur er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00 og annan laugardag til kl. 18.00.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13.00 á laugardögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en kl. 12.00 á laugardögum. Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 1900 á föstudögum.“

2. *Málsútlitun aðilja.*
Viðhorf aðalstefnanda.

Aðalstefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt kjarasamningum hans við samtök kaupmanna undanfarin ár hafi verið um það samið, að sölubúðum skyldi lokað alla virka daga ársins eigi síðar en kl. 18.00, þegar frá séu skildar nokkrar undantekningar, sem um hafi verið samið sérstaklega. Kveður hann, að reglugerðarákvæði þau um lokunartíma sölubúða, sem sett hafi verið á liðnum árum af borgaryfirvöldum Reykjavíkur, hafi ætíð byggzt á og verið miðaðar við það, hvernig kjarasamningum aðilja máls þessa væri farið. Hafi svo staðið þegar samningar tókust um Kjaradóm verzlunarmanna í desembermánuði fyrra árs, en þá jafnframt verið um það samið, að kjaradómurinn skyldi ekki fjalla um lokunartíma sölubúða. Standi því ákvæði eldri kjarasamninga um lokunartíma sölubúða óhöggud áfram samkvæmt A-lið 7. gr. úrskurðar Kjaradóms verzlunarmanna frá 6. febrúar 1964, en það hafi verið grundvallaratriði, þegar samið var um Kjaradóminn, að lokunartími sölubúða væri bundinn með samningi til enda þess tímabils, er úrskurður Kjaradómsins átti að gilda. Geti það því ekki haggad umsömdum lokunartíma, þótt borgarstjórn Reykjavíkur hafi með samþykkt sinni veitt heimild til þess, að einstakir kaupmenn gætu fengið leyfi til þess að hafa sölubúðir sínar opnar fram yfir þann tíma, er kjarasamningar verzlunarmanna og kaupmanna ákveða. Hafa beri það i huga, að lokunartími sölubúðanna sé um leið lok dagvinnutíma verzlunarstarfsfólksins og skipti engu máli í þessu sambandi, hvort um opna sölubúð sé að ræða eða afgreiðslu vara um söluop. Telur aðalstefnandi að af öllum þessum atriðum leiði, og komi raunar skýrt fram í allri afstöðu stefnda, að félagssamtök kaupmanna hafi fyrir sína hönd og einstakra félagsmanna bundist skyldu um það, að loka búðum sínum alfarið kl. 18.00 hvern virkan dag, þegar samningar kveði ekki á um undantekningar frá þeirri reglu. Geti samþykkt borgarstjórnar ekki leyst eigendur sölubúða frá þessari samningskyldu og sé þeim

því skylt að loka sölubúðum sínum alfarið á tilskildum samningstíma og óheimilt sjálfum að afgreiða vörur í opinni sölubúð eða um söluop, enda þótt eigi komi til aðstoð eða þátttaka félagsmanna verzlunarmannafélagsins, er annars starfi í þeirra þjónustu.

Sjónarmið stefnda.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að sá hafi áður verið háttur fyrir á árum, að ákvæðum samþykktar Reykjavíkurbæjar um afgreiðslutíma sölubúða hafi að jafnaði verið breytt í samræmi við kjarasamninga verzlunarmanna og kaupmanna á hverjum tíma, en í þeim hafi haldizt frá fyrri tíð sama orðalagið um dagvinnustundir, þ. e. lokun sölubúða, og sé það orðalag miklu eldra en Kaupmannasamtök Íslands. Af hendi kaupmanna hafi hins vegar ávallt verið gerðar kröfur um það, að ákvæðið um lokunartíma væri hreinlega fellt niður, enda hafi breytt réttarstaða launþega og aðrir þjóðfélagshættir hins vegar leitt til þess, að slíkt ákvæði sé orðið óeðlilegt. Almenn ákvæði um lokunartíma hljóti, eins og ástæður séu nú, að vera háð ákvörðun stjórnvalda, enda hefði sú orðið raunin á, að vaxandi fjöldi verzlana hafi um undanfarin ár, í samræmi við opinberar reglur, afgreitt varning utan þess tíma, sem tiltekinn sé í kjarasamningum sem lokunartími sölubúða, eða allt til kl. 23.30 alla daga jafnt. Fyrirmæli borgarstjórnar Reykjavíkur hafi og fyrir nokkrum árum losnað alfarið úr tengslum við kjarasamninga kaupmanna og verzlunarmanna. Kaupmannasamtökin hafi hins vegar haft á því mikinn hug, að fundið væri hið heppilegasta fyrirkomulag í þessum efnum með samstöðu allra aðilja, er þessi mál snerta, og því ekki sett á oddinn, að kaupmenn neyttu til fulls þess réttar til afgreiðslu varnings úr sölubúðum sínum, eftir þann tíma sem tilgreindur væri í kjarasamningum sem lokunartími, er samþykktir borgarstjórnar Reykjavíkur veittu þeim. Væru tilmæli þau, sem fram kæmu í áðurgreindum bréfum til einstakra kaupmanna, þáttur í þeirri viðleitni kaupmannasamtakanna að leysa þessi mál í samstöðu við aðra að-

ilja, en fælu ekki í sér neina viðurkenningu á því, að sú afstaða einstakra kaupmanna að afgreiða varning úr sölubúðum á þeim tíma, er núgildandi samþykkt Reykjavíkurborgar, nr. 240 frá 1963 með breytingu frá 2. júlí þ. á., heimilaði og þeir hefðu fengið lögmætt leyfi til, væri brot á ákvæðum gildandi kjarasamnings. Fyrirmæli fyrri kjarasamninga um lokunartíma sölubúða, sem tekið hefði verið upp í 7. gr. úrskurðar Kjaradóms verzlunarmanna 6. febrúar þ. á. miðaði og eingöngu að því, að tryggja launþegum ákveðið kaup, mismunandi eftir því á hvaða tíma sólarhringsins vinnan væri af hendi leyst, en lokunartími og vinnuskylda færu þar ekki saman. Hefðu kaupmenn þannig, hvað sem annars mætti um túlkun þessa ákvæðis segja varðandi vinnuskyldu launþegans, ótvíræðan rétt til þess að afgreiða sjálfir, eða með skylduliði sínu, varning á þeim tímum, sem þeir hefðu fengið lögmætt leyfi til af hálfu stjórnvalda borgarinnar. Er sýknukrafa stefnda og gagnkrafa hans í málinu á þessum rökum reist.

Viðhorf gagnstefnenda.

Af þeirra hálfu er í höfuðatriðum fylgt skoðun stefnda um samningslega réttarstöðu kaupmanna gagnvart verzlunarmannafélaginu varðandi ákvæði kjarasamninga undanfarandi ára og nú úrskurð Kjaradóms verzlunarmanna um lokun sölubúða. Sama máli gegnir og um afstöðu gagnstefnenda að því er varðar réttarstöðu kaupmanna á grundvelli þeirra samþykktu, sem gerðar hafa verið af borgarstjórn Reykjavíkur um lokunartíma sölubúða. Hins vegar telja þeir sig hafa alveg sérstakra hagsmuna að gæta í máli þessu, þar sem þeir séu þeir einu í Félagi matvörukaupmanna í Reykjavík, sem hafi kvöldsöluleyfi þeirrar tegundar, sem aðalstefnandi haldi fram, að eigi fái samrýmst ákvæðum núgildandi kjarasamninga eða úrskurði Kjaradóms verzlunarmanna. Þetta kveða gagnstefnendur rangan skilning, þar sem skilja beri ákvæði frammannefndrar 7. gr. úrskurðar kjaradómsins á þann veg, að þar sé aðeins samið um reglulegan dagvinnutíma. Þá leggja gagnstefnendur og áherzlu á það, að afgreiðsla á vörum

um söluop sé allt annað en að hafa opna sölubúð og leiði það út af fyrir sig til þeirrar niðurstöðu, að þeir hafi ekki á nokkurn hátt gerzt brotlegir við kjaraákvæði þau, sem nú séu í gildi, hvernig sem þau annars verði túlkuð, þótt þeir hafi með þeim hætti notfært sér lögmætt leyfi til kvöldsölu. Væri það og allsendis óleyfileg skerðing á athafnafrelsi kaupmanna, ef leggja ætti hömlur við því, að þeir hefðu búðir sínar opnar á lögleyfðum tímum og þó enn fráleitara að meina þeim sjálfum að vinna að afgreiðslu eigin söluvarnings.

3. Afstaða dómsins.

Af gögnum málsins og máflutningi aðilja er sýnt, að ákvæði kjarasamninga verzlunarmanna og samtaka kaupmanna um að sölubúðum skuli lokað á ákveðnum tíma eiga rætur sínar að rekja til þess tíma, þegar samþykktir bæjarstjórnar Reykjavíkur um lokunartíma sölubúða stóðu í nánnum tengslum við kjarasamninga þá, sem gerðir voru á hverjum tíma, eða voru jafnvel settar í beinu framhaldi af gerðum kjarasamningum. Að sjálfsögðu takmörkuðu kjarasamningarnir þó eigi á neinn hátt valdsvið bæjarstjórnarinnar til þess að setja með samþykkt þau fyrirmæli um lokun, sem lög nr. 79 frá 1917 og síðar nágildandi lög nr. 17 frá 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, veittu henni, enda verður raunin sú, að tengsl lokunarsamþykktar bæjarstjórnarinnar við kjarasamninga stéttarfélags verzlunarmanna og vinnuveitenda dvína og eru með öllu rofin, þegar borgarstjórn Reykjavíkur semur og fær staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt nr. 240/1963 um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl., og viðauka þann við þessa samþykkt, er gerður var 2. júlí s.l.

Meðan svo stóð, að fyrirmæli stjórnvalda og ákvæði kjarasamninga um lokunartíma sölubúða féllu saman, var þess eigi að vænta, að til ágreinings kæmi um það, hvað fælist í ákvæði kjarasamninga verzlunarmanna og kaupmanna um það, að sölubúðum skyldi loka á ákveðnum tíma. Ljóst er þó, að slík samningsákvæði gátu eigi gilt

sem almennar reglur fyrir almenning, og bundu eigi aðra en þá, sem kjarasamningar náðu til hverju sinni. Hins vegar var eigi heldur skotið loku fyrir það, að ákvæði kjarasamninga gætu sett kaupmönnum, — viðsemjendum launþega í verzlunarmannastétt, — þrengri skorður um það, hvað sölubúðir þeirra væru lengi opnar til afgreiðslu, heldur en samþykktir yfirvalda geymdu fyrir-mæli um. Að þetta hafi og verið viðhorf samtaka kaupmanna þykir mega ráða af viðbrögðum þeirra og afstöðu til þeirrar skoðunar verzlunarmanna, að setja bæri ákvæði kjarasamninga um lokun sölubúða ofar samþykktum yfirvalda um þau efni. Kemur þetta m. a. fram í samkomulagi því, sem gert var 13. desember 1963 milli verzlunarmanna og kaupmanna um Kjaradóm í kaupdeilu nefndra aðilja, en þar segir í d-lið 3. gr., að kjaradómurinn skuli ekki kveða á um lokunartíma sölubúða og var það túlkað svo, að eigi mætti hreyfa við ákvæðum áður-gildandi kjarasamnings um þetta atriði. Var það því tekið óbreytt upp í úrskurð kjaradóms verzlunarmanna og hljóðar svo: „Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18.00.“ Þó skyldu vera nokkrar undantekningar frá þessari reglu, sem samkvæmt framangreindu voru taldar upp sérstaklega.

Samkvæmt eðli máls er það hlutverk stéttarfélaganna að vinna að hagsmunamálum félagsmanna sinna, launtakanna, og hefur sú hagsmunagæzla m. a. verið viðurkennd með ákvæði 5. gr. laga nr. 80/1938 um að stéttarfélögin séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Einn þáttur kjaranna er að sjálfsögðu sá, að launþegar séu eigi þjakaðir af of löngum vinnutíma dag hvern. Andóf við því kemur m. a. fram í skiptingu vinnutímans í dagvinnu og yfirvinnu, en sú síðartalda skal almennt greidd mun hærra kaupi. Þá hefur og verið litið svo á og viðurkennt, bæði í framkvæmd og kjarasamningum, að stéttarfélögum sé rétt, að takmarka eða setja alfarið skorður við lengd vinnutíma félagsmanna sinna á einum og sama sólarhring.

Þegar til þessa er litið annars vegar, en horft til orða-

lags kjarasamninga aðilja máls þessa undanfarin ár hins vegar, upphafsorða 7. gr. úrskurðar Kjaradóms verzlunarmanna frá 6. febrúar s.l. og allrar afstöðu aðilja til deiluatríða þeirra, sem hér eru til úrlausnar, þykir eðlilegast að skýra ákvæði A-liðar nefndrar greinar á þá lund, að þau feli í sér heimild til handa aðalstefnanda til þess að leggja bann við því, að félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur vinni lengur að afgreiðslustörfum í opinni sölubúð en til þeirra tímamarka, sem tiltekin eru sem lokunartími sölubúða í oftnefndum A-lið 7. gr. úrskurðarins. Verður í því efni að leggja að jöfnu hvort sölubúðin er opin til inngöngu fyrir viðskiptamenn eða varningur og vörur eru afgreiddar um svonefnd söluop, svo sem gagnstefnendur hafa fengið leyfi til af hálfu yfirvalda Reykjavíkurborgar.

Á hinn bóginn verður eigi fallizt á þann skilning aðalstefnanda, að ákvæði A-liðar 7. gr. nefnds úrskurðar eða önnur ákvæði hans heimili honum afskipti af því, þótt eigandi verzlunar og einstaklingar úr skylduliði hans, sem eigi eru meðlimir í félagsskap aðalstefnanda, afgreiði og selji varning úr opinni sölubúð eða um söluop á þeim tíma, er samþykktir réttira yfirvalda gefa heimild til og samkvæmt þeim leyfum, sem veitt eru á grundvelli slíkra samþykktá.

Í þessari niðurstöðu hefur dómurinn tekið allar dómkröfur málsaðilja til úrlausnar í einni heild og er því ekki ástæða til þess að fara nánar út í kröfur hvers aðilja um sig sérstaklega.

Rétt þykir eftir atvikum og málavöxtum að hver aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

- I. Ákvæði A-liðar 7. gr. úrskurðar Kjaradóms verzlunarmanna frá 6. febr. s.l. skerða ekki rétt eigenda verzlana til þess að selja og afgreiða úr opinni sölubúð eða um söluop á lögleyfðum tímum varning, sem þeir sjálfir eða skyldulið þeirra, sem ekki er félagsbund-

ið í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, annast afgreiðslu á.

- II. Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur er heimilt að leggja bann við því, að félagsmenn þess vinni að afgreiðslustörfum í opinni sölubúð eða um söluop eftir þann tíma dag hvern, sem loka skal sölubúðum samkvæmt ákvæðum A-liðar 7. gr. framannefnds úrskurðar.

Hver aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 13. nóvember 1964.

Nr. 2/1964. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Dalvíkur f. h.
Útgerðarfélags Dalvíkur h. f.
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Kjarasamningar skýrðir.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Dalvíkur f. h. Útgerðarfélags Dalvíkur h.f. með stefnu, dags. 23. janúar þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að Útgerðarfélagi Dalvíkur h.f. „sé skylt að greiða og gera upp við vélstjóra á bátum sínum m/s Björgúlfi og m/s Björgvin á sildarvertíð sumarið 1962 samkvæmt ákvæðum 2. gr. kjarasamnings Landssambands ísl. útvegsmanna og